

223. fundur skólanefndar Fjölbautaskóla Suðurlands – haldinn 24. nóvember 2023

Mætt: Elín Þórdís Pálsdóttir (fulltrúi nemenda), Fríða Rut Stefánsdóttir (fulltrúi foreldra), Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir (formaður), Jón G. Valgeirsson (varaformaður), Sigurður Einar Guðjónsson (fulltrúi sveitarfélaganna), Kristjana Sigríður Skúladóttir (fulltrúi kennara), Olga Lísa Garðarsdóttir (skólameistari), Guðmunda Ólafsdóttir (varaformaður Sigríðar Önnu Guðjónsdóttur - skipuð af ráðherra), Sigursveinn Sigurðsson (aðstoðarskólameistari).

Samúel Örn Erlingsson og Sigríður Anna Guðjónsdóttir boðuðu forföll.

Gestur á fundi: Haraldur Eiríksson (fjármálastjóri).

Dagskrá:

1. Rekstraráætlun 2024 – HE
2. Umræður um skólanefndir – JÝJ
3. Brottfall síðasta árs - staðan í dag, 2023 - OLG
4. Starfsmannamál - veikindi/ráðningar - OLG/SMS
5. Reykir - álag/óvissa - OLG/SMS
6. Önnur mál.

1. Rekstraráætlun 2024 - HE

Fjármálastjóri sagði frá rekstraráætlun fyrir árið 2024. Talsverð vinna hefur farið í áætlunina undanfarið og lengi vel leit út fyrir halla upp á 140 milljónir. Eftir fund með fulltrúum ráðuneytisins í byrjun vikunnar breyttust forsendur þó umtalsvert. Áætlunin núna gerir ráð fyrir halla upp á 8,9 milljónir yfir árið. Meðal þess sem nú er komið inn er fjármagn fyrir námsorlof kennara, bætur vegna starfsbrautar, húsaleigubætur vegna Reykja, mögulegar bætur vegna kennslu í fangelsenum og viðbót vegna fjölgunar nemenda. Enn vantar þó upplýsingar um uppbætur vegna rekstur heimavistarinnar. Þessi líklegi halli bætist við uppsafnaðan halla síðustu ára.

2. Umræða um skólanefndir – JÝJ

Formaður skólanefndar greindi frá spurningalista sem barst á dögum um hlutverk skólanefndar og umfang.

Farið yfir hlutverk skólanefnda framhaldsskóla, umfang starfsins og þarfir til framtíðar.

Formaður skólanefndar mun skila svörum nefndarinnar til Alþingis.

3. Brottfall síðasta árs - staðan í dag, 2023 - OLG

Skólameistari fór yfir brottfall síðasta árs og nokkrar tölur um nemendafjölda vorannar.

Brottfallið hefur haldist nokkuð stöðugt undanfarnar haustannir og í raun heldur farið minnkandi ef miðað er við hlutfall af heildarfjölda nemenda í skólanum hverju sinni.

*JAG
KSS
SMS*

Nokkuð fjölmennur hópur útskrifast í desember eða rétt rúmlega 60 nemendur og stefnir í a.m.k. 120 útskriftarefni á vorönn.

4. Starfsmannamál - veikindi/ráðningar - OLG/SMS

Skólameistari sagði frá stöðu starfsmannamála. Talsverð veikindi eru fyrirséð eftir áramót meðal kennara.

Umræða um samsetningu starfsmannahópsins, kynjaskiptingu og annað. Ekki víst að auglýsa þurfi eftir nýjum starfsmönnum fyrir vorið.

5. Reykir - álag/óvissa - OLG/SMS

Skólameistari greindi frá stöðu mála í húsnæðismálum á Reykjum. Mikið búið að funda og ýmis mál sem hefur þurft að leysa, m.a. í tengslum við niðurrit á ónýtu húsnæði.

Komin er ný bráðabirgðaaðstaða fyrir starfsfólk ið en skólinn þurfti sjálfur að finna rotþró fyrir húsnæðið og unnið er að undirbúnungi þess að koma henni á réttan stað. Þá þurfti einnig að gera ákveðnar ráðstafanir vegna lampa fyrir kennsluhúsnæðið svo eitthvað sé nefnt.

Boðið verður upp á verklegan kynningaráfanga í garðyrkju á vorönn fyrir 10. bekkinga í nágrenni áfangans.

6. Önnur mál

- Skólameistari sagði frá stöðu mála varðandi heimavist skólans. Skólanum er eingöngu heimilt að gera samning við leigusala til eins árs og rennur núverandi samningur því út í vor. Nýlega kom í ljós að húsnæðið er til sölu og því mikil óvissa um framhaldið. Framkvæmdasýslan mun að öllum líkindum auglýsa eftir húsnæði fyrir þessa starfsemi frá haustinu.

- Elín Þórdís sagði aðeins frá félagslífi nemanda. Nýlega var stór söngkeppni NFSu haldin í Iðu og gekk afar vel, um 500 miðar voru seldir. Í gær var haldin jólakvöldvaka í skólanum og mættu hátt í hundrað nemendur. Í næstu viku verður uppbrot á skólatíma á miðvikudeginum og verður þá uppistand eða tónlistaratriði fyrir nemendur. Ákveðið var að hafa ekki annað ball á haustönninni. NFSu seldi fatnað merktan nemendafélaginu og verður hann afhentur fljóttlega. Eftir áramót verða ýmsir viðburðir á vegum NFSu, árshátíðin verður um miðjan febrúar, kátir dagar og flóafár skömmu seinna.

Næsti fundur skólanefndar verður haldinn 23. febrúar kl. 13.

Fundi slitið kl. 14:35

Fundargerð ritaði Sigursveinn Sigurðsson.

Ólga Þóra

Jón S. Þóra
Sigursveinn Sigurðsson

Sigurðr Ánne Kjósmaðr
Kjósmaðr Sigurðr. - Skólað.